

## Stóru-Akrar



*Stóru-Akrar, þingstofa nær en bæjardyr fjær. GLH 2007.*

Byggingarár: 1743–1745.

Athugasemd: Hluti torfhúss sem Skúli Magnússon sýslumaður Skagfirðinga og síðar landfógeti lét reisa 1743–1745.

Hönnuður: Ókunnur.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1954.<sup>i</sup>



Sett á fornleifaskrá 23. febrúar 1954 skv. 2. gr. laga um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn nr. 8/1947 en ekki þinglýst og friðlýsingin er því ógild sbr. 6. gr. laga um verndun fornmenja nr. 40/1907.<sup>ii</sup>

Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Stóru-Akrar er torfhús, sem skiptist í bæjardyr, bæjargöng og þingstofu, 12 m að lengd og 13,5 m á breidd að utanmáli. Veggir eru hlaðnir úr torfi en framstafnar bæjardyra og þingstofu og hálfþil á bæjardyrarlofti eru klædd listapili og á húsunum eru torfþök. Dyr eru á miðju bæjardyrabili og uppi yfir þeim á gaffhlaði er gluggi með fjórum rúðum en þrjár sex rúðu gluggar með miðpósti eru á þingstofu, þar af einn á gaffhlaði, og lítill gluggi er á suðurhlíð bæjargangna.

Bæjardyr eru í þremur stafgölfum og byggðar úr stafverki. Stafir standa á gólfsyllum og í innsta stafgólfi norðan megin eru standþiljur greiptar í gólfsyllu og yfirsyllu og austurgafli að bæjargöngum er klæddur spjaldaþili og portveggir á bæjardyrarlofti eru klæddir standþiljum. Í norðausturhorni bæjardyra er afþiljaður stigi til bæjardyralofts og fyrir honum dyr með drótt yfir. Að öðru leyti eru veggir hússins óklæddir að innan. Yfir bæjardyrum er loft á bitum og yfir bæjardyrarlofti er sléttfelld rennisúð á langböndum. Í bæjargöngum inn af bæjardyrum eru tvennar dróttskornar sperrur og yfir göngunum er gisin rennisúð á langböndum og veggir eru óklæddir. Þingstofan er í fimm stafgölfum, veggir eru óklæddir að innan og yfir stofunni eru strikaðir

Þverbitar og sléttfelld rennisúð á langböndum. Húsið er ómálað að innan og enn (árið 2005) ófrágengið frá því að viðgerð fór fram á því á árunum 1988–1989.



Stóru-Akrar, grunnmynd og útlit. Teikningar Harðar Ágústssonar.



*Stóru-Akrar, bæjardyr t.h, bæjargöng fyrir miðju og þingstofa t.v.. GLH 2007.*



*Stóru-Akrar, horft inn bæjardyr að bæjargöngum. GLH 2007.*

---

<sup>1</sup> Þjóðminjasafn Íslands. Skjalasafn húsasafns. Stóru-Akrar; Hörður Ágústsson. Stafsmíði á Stóru-Ökrum. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1975.

ii